

Mál nr. 350/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 23. október 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti krefst M þess að viðurkennd verði greiðsluskylda V úr ábyrgðartryggingu X vegna afleiðinga slyss sem hún varð fyrir í starfi 16. janúar 2022. Byggir M á því að hún hafði í umrætt sinn í starfi sínu sem aðstoðarmaður í eldhúsi á hjúkrunarheimili hjá X verið að ganga frá eftir hádegismat þegar hún datt um niðurfallsgrind sem annar starfsmaður hafi verið búinn að taka upp úr niðurfalli þannig að grindin hafi staðið upp úr gólfinu. Hafi M komið gangandi fyrir horn og því ekki getað séð að grindin stæði upp á gólfinu. Því hafi hún rekið sig í grindina og skolið harkalega í gólfíð og slasast. M byggir á því að X beri sem vinnuveitandi skaðabótaábyrg á slysinu. Með tölvubréfi, dags. 26. september hafi V hins vegar hafnað skaðabótaábyrgð X.

M byggir á því að slys hennar verði rakið til aðgæsluleysis samstarfsmanns hennar sem hafi tekið niðurfallsgrindina upp þannig að hún stóð upp úr gólfinu. Telur M ekki ágreining um framangreint atvik. Bendir M á að þegar gólfín eru skúruð sé engin ástæða til þess að taka járngrindina upp. Telur M að sá starfsmaður sem kom grindinni þannig fyrir hafi mátt vita að af því stafaði mikil og fyrirsjáanleg slysaþætta. Með því að ganga þannig frá grindinni á meðan M var enn við vinnu í eldhúsinu og án þess að láta hana vita af því hafi starfsmaðurinn sýnt af sér gáleysi sem X verði að bera skaðabótaábyrgð á. Telur M að framangreint sýni að aðstæður á vinnustað hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Vísar M sérstaklega til 13., 37. og 42 gr. þeirra laga, máli sínu til stuðnings. Einnig vísar M til 3. og 6. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Þessu til viðbótar byggir M á að X hafi ekki staðið rétt að því að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins sbr. 79. – 81. gr. laga nr. 46/1980. Í því sambandi bendir M á að slysið hafi ekki verið tilkynnt þangað fyrr en þremur dögum eftir slysdag. Vill M meina, með vísan í dómaframkvæmd, að þessi vanræksla eigi að leiða til þess að X verði látinn bera halla af skorti á upplýsingum um atriði sem hafa áhrif á sakarmat. Telur M að framangreint eigi að leiða til þess að leggja beri frásögn M til grundvallar í málinu.

Í athugasemdum V, er skaðabótaábyrgð X hafnað. Hvað tilkynningaskyldu til Vinnueftirlitsins varðar þá bendir V á að á slysdegi hafi M klárað vinnudaginn. Þá hafi M fyrst leitað læknis tveimur dögum eftir slysið, þ.e. 18. janúar 2022, þar sem hún hafi fengið óvinnufærnisvottorð frá og með þeim degi. V byggir á því að X hafi ekki fengið upplýsingar um óvinnufærni M á slysdegi eins og M virðist byggja á. Því hafi verið staðið eðlilega að tilkynningu til Vinnueftirlitsins af hálfu X. Auk þess bendir V á að í málinu liggi fyrir fullnægjandi gögn um vinnuaðstæður og vinnutilhögun á slysdegi, þ.e. af niðurfallinu og grindinni sem M hnaut um. Hvað atvikið sjálf varði þá tekur V fram að X hafi upplýst að um hefðbundið verklag hafi verið að ræða í umætt sinn. Gólfín í eldhúsi hjúkrunarheimilisins séu þrífín á hverjum degi. Þá beri að þrifa niðurfallið þrisvar í viku og sé þá grindin tekin upp með þeim hætti sem gildi á slysdegi svo unnt sé að þrifa kantana og ræsið sjálft. Þegar slysið varð hafi M verið búin að vinna í eldhúsinu í um fimm ár og því þekkt vinnulag og vinnusvæði mjög vel. Sérstakt skema eða minnislisti sé hengdur upp á vegg í hverri viku þar sem starfsmönnum var ætlað að merkja við þau þríf sem framkvæmd hafi verið. Þá bendir V einnig á að í starfslýsingu M sem aðstoðarmatreiðslumanns komi fram að það sé í hennar verkahring að sjá um frágang eftir hádegi, bera ábyrgð á daglegri stjórnun á skráningum og hafa umsjón með að gæðaeftirliti sé framfylgt. V telur því ekkert fram komið í málinu sem bendi til þess að slysið verði rakið til ófullnægjandi öryggisráðstafanna eða saknæmrar vanrækslu af hálfu X. V telur að slysið verði rakið til aðgæsluleysis M eða óhappatilviks sem engum verði um

kennt. Ítrekar V að réttilega hafi verið staðið að tilkynningu um slysið og M beri því sönnunarbyrðina í málinu til samræmis við meginreglur skaðabótaréttar. Telur V einsýnt að það teljist ósannað að slysið hafi orðið vegna saknæms vanbúnaðar eða mistaka starfsmanna X. Því sé engum bótarétti fyrir að fara úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu beri að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“

Nefndin telur að M hafi ekki tekist að sýna fram á að hún hafi tilkynnt X um óvinnufærni sína í kjölfar slyssins fyrr en eftir að hún fór til læknis 18. janúar 2022. X sendi tilkynningu um slysið til Vinnueftirlitsins degi síðar. Nefndin telur því að X hafi staðið réttilega að þeirri tilkynningu. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður X því ekki látin bera halla af skorti á sönnun um atvik máls heldur gilda um það almennar sönnunareglur skaðabótaréttar. Nefndin telur að M hafi ekki tekist að sýna fram á að ekki hafi verið um hefðbundið verklag að ræða á slysdegi, verklag sem hún þekkti og mátti því búast við. Það er því niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sanna að slys hennar verið rakið til saknæmrar háttsemi sem X geti borið skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Anna Lilja Ragnarsdóttir